




FJARÐABYGGÐ

**Deiliskipulag fyrir
Snjóflóðavarnir í Tröllagili
á Neskaupstað**



**TILLAGA AÐ
UMHVERFISSKÝRSLU**

25. sept. 2008



LANDMÓTUN.

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Valdimar Harðarson, landslagsarkitektar FÍLA

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	2
1.1	Formáli.....	2
1.2	Fyrirliggjandi skipulag.....	3
1.3.	Staðhættir	4
2.	KYNNING OG SAMRÁÐ	5
2.1	Kynningar og fundir.....	5
2.2	Umsagnaraðilar	6
3.	UMHVERFISMAT	6
3.1	Umfang og áherslur umhverfismats.....	6
3.2	Umhverfisáhrif.....	6
3.3	Umhverfisviðmið	8
3.4	Samanburður á kostum	9
3.6	Samantekt og niðurstaða.....	10
4.	HEIMILDIR	12

1. INNGANGUR

1.1 Formáli

Snjóflóðahætta í Neskaupstað er að því leyti einstök að stærstur hluti bæjarins er á hættusvæði. Þetta torveldar rýmingar, þar sem ekki er hægt að finna örugg svæði til að rýma inn á. Þó að stór hluti bæjarins sé á hættusvæði áður en varnarmannvirki hafa verið reist er ljóst að hættan er mismikil eftir því hvar í bænum er. Í íbúðarbyggðinni er mest ógn neðan Tröllagilja og Drangaskarðs. Á báðum þessum stöðum er mikil byggð nálægt fjallinu og þekktir stórir snjóflóðafarvegir. Að teknu tilliti til þéttleika byggðar var Drangaskarð jafnvel hættulegra og þar hefur þegar verið brugðist við hættunni með því að reisa varnarmannvirki. Deiliskipulagið sem hér um ræðir nær yfir svæðið neðan Tröllagilja(4).

Framkvæmdaraðili er Fjarðarbyggð. Tilgangur framkvæmdarinnar er að verja byggð neðan Tröllagiljasvæðis á Neskaupstað gegn snjóflóðum. Markmiðið með framkvæmdinni er því að draga úr snjóflóðahættu í byggð á Norðfirði, þannig að öryggi byggðarinnar verði ásættanlegt (sbr. reglugerð nr. 505/2000). Öryggi íbúa á heimilum sínum verði tryggt þannig að öryggi verði sambærilegt við öryggi íbúa sem ekki búa við snjóflóðahættu. (1)

Hönnuður varnarmannvirkja er VST, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. Varnir á Drangagilssvæði voru 1. áfangi snjóflóðavarna á Neskaupstað og var vígsla varnanna þar haustið 2002. Uppkaup húsa vestan við Tröllagilssvæðið var 2. áfangi. Varnirnar á Tröllagiljasvæðinu eru 3. áfangi snjóflóðavarna á Neskaupstað og verða sambærilegar 1. áfanga að því leyti að þar er fyrirhugaður þvergarður, keilur, stoðvirki á upptakasvæði snjóflóða og loks leiðigarður sem er ekki við Drangagil (sbr. mynd 2 hér aftar). Aðstæður til byggingar snjóflóðavarna á Tröllagiljasvæðinu eru erfiðar eins og á Drangagilssvæðinu, en Tröllagiljasvæðið er breiðara og því eru varnirnar nú umfangsmeiri. (1)

Tillaga að deiliskipulagi. Deiliskipulagssvæðið er um 30 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnasvæði neðan Tröllagilja í Neskaupstað ofan við byggð vestast í bænum. Svæðið afmarkast til suðurs af íbúðabyggð við Urðarteig og Hlíðargötu að gatnamótum Blómsturvalla þaðan nánast beint upp hlíðina í um 105 m hæð, síðan eftir hæðarlínu 105 til vesturs að gömlu malarnámi rétt vestan Strandlækjar og þaðan niður hlíðina að sjó neðan Strandgötu. Í tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Fjarðabyggð 2007-2027 á þéttbýlisuppdrætti fyrir Norðfjörð er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og jafnfram svæði undir náttúruvá.

Tillagan gerir ráð fyrir byggingu þvergarðs allt að 620 m á lend ásamt 23 keilum. Virk hæð garðsins er 16,5-18,5 m að hæð, stærð keilna er 10 m á hæð og breidd. Garðurinn verður 5m breiður efst með öryggisgirðingu h.1.2m við brún framhliðar hans. Auk þvergarðs og keilna er gert ráð fyrir leiðigarði vestast á svæðinu sem verður um 390 m langur. Virk hæð leiðigarðs er 17m.

Talsverðar breytingar verða á streymi yfirborðsvatns eftir að garðar og keilur verða byggð. Lagt er til að núverandi lækir verði leiddir eftir atvikum framhjá keilum niður að framhlið þvergarðs í litlar tjarnir sem síðan verður leidd í gengum garðinn en gert er ráð fyrir þremur ræsum í gengum garðinn. Vatn sem streymir að leiði garði verður leitt í rásinni flóðmegin meðfram honum og niður til sjávar.

Skóg og trjárækt. Tillagan gerir ráð fyrir skógrækt á jaðarsvæðum vestast og austast milli raskaðs lands og óraskaðs.

Göngustígar. *Aðalgöngustígur* liggur langs eftir svæðinu milli byggðar og þvergarðs. Gert er ráð fyrir því að stígurinn sé 3,0 m breiður (akfær stígur) með góðu yfirborðsefni og lýsingu.

Tengistígar liggja út frá aðalstíg og tengja m.a. útivistarsvæði og byggð. Tengistígar eru uppbyggðir stígar allt að 2,0 m breiðir með mismunandi yfirborðsefni s.s. mól, malbik, trjáskurl eða allt hvað við á.

Útivistarstígar eru þeir stígar sem ekki falla undir ofangreinda skilgreiningu og geta verið allt frá malar- og kurlstígum í stikaðar gönguleiðir/slóða. Útivistarstígar tengjast m.a. gönguleiðum í fjallshlíðinni.

Útsýnisstaður/áningarstaður. Efst í hlíðum þvergarðsins er gert ráð fyrir útsýnisbryggju þar sem koma mætti fyrir hringsjá, eða korti með fjallanöfnum í firðinum. Auk þess er gert ráð fyrir áningastöðum við tjörn vestan leiðigarðs, við gatnamót stíga austan þvergarðs og við núv. trjareit ofan við Urðarteig 12a. Við Strandgötu er gert ráð fyrir “áningastað” með upplýsingum um bæinn og varnarmannvirkin.

Bifreiðastæði/aðkoma. Almennum bifreiðastæðum fyrir útivistarsvæðið er komið fyrir ofan Strandgötu við innkomu í bæinn en auk þess er gert ráð fyrir minna bílastæði vestan við Urðarteigs 29.

Uppgræðsla. Uppgræðsla svæðisins miðar við að loka yfirborði og hindra rof.

Vatnslögn. Núverandi stofnvatnslögn þarf að endurnýja. Ný stofnvatnslögn verður lögð í neðri kant Urðarteigs og Hlíðargötu og fer upp milli Hlíðargötu 24 og 26 og liggur þaðan í fyrirhuguðum göngustíg ofan við byggðina. Kvöð er um legu nýrrar vatnslagnar í gögnustíg.

Skúrar. Fjarlægja þarf þrjá skúra af svæðinu.

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í þéttbýli falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þess vegna fellur deiliskipulagstillagan undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

1.2 Fyrirliggjandi skipulag

Fyrir Norðfjörð er í gildi eftirfarandi skipulagsáætlun: *Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999*, en þar er ekki er gert ráð fyrir snjóflóðavörnum á Tröllagiljasvæðinu.

Fyrir liggur tillaga að nýju aðalskipulagi Fjarðabyggðar sem teiknistofan *Alta ehf* í Reykjavík hefur unnið, sem líklega verður afgreidd til auglýsingar í september 2008 og samþykkt aðalskipulag Fjarðabyggðar mun vera afgreitt fyrir áramót. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir byggingu snjóflóðavarna við Tröllagil, Urðarbotna/Sniðgil, Nesgil, Bakkagil og Stórlækjargil. Á fyrirliggjandi skipulagstillögu er svæðið skilgreint sem *opið svæði til sérstakra nota* og jafnframt svæði undir náttúruvá.



Mynd 2. Nesfjall við Norðfjörð, merkt er við helstu snjóflóðafarvegi á Tröllagils- og Drangagilssvæði. Hægt er að greina þvergarð og keilur á Drangagilssvæðinu (Ljósm. AB Hönnun hf. Júlí 2003).

Svæðið þar sem fyrirhugaður varnargarður mun rísa er skamt ofan byggðar við urðarteig og Hlíðargötu. Landhalli á svæðinu er á bilinu 1:5-1:3 brattast í efri mörkum svæðisins. Einkennandi fyrir svæðið eru litlir lækjarfarvegir og skorningar. Svæðið næst urðarteig og Hlíðargötu er að mestu leiti raskað land, vel grasi gróið með ungum trjáplöntum og skjólbeltum, einkum birki og greni. Á einstaka stöðum eru eða hafa verið kartöflugarðar. Svæðið í heild er all vel gróið graslendi, en töluvert grjót er á yfirboðri þess einkum í skorningum og meðfram lækjarfarvegum og er efsti hluti þess fremur stórgrýttur. Mikil nýgræðsla er á svæðinu þar sem gróðursettar hafa verið ýmsar trjáplöntur s.s. birki aspir, lerki og greni upp eftir hliðinni. Á þessu svæði eru einnig eldri ræktunarreitir sem setja svip sinn á umhverfið s.s. við Urðarteig 12 A og Hlíðargötu 26.

2. KYNNING OG SAMRÁÐ

2.1 Kynningar og fundir

Hættumatsnefnd Fjarðarbyggðar fékk til umfjöllunar niðurstöður Veðurstofu Íslands, sem vann að hættumati fyrir Neskaupstað frá 1998. Um niðurstöðurnar var fjallað í nefndinni og samþykkti nefndin á fundi í mars 2001 að leggja þær fram sem tillögu nefndarinnar að hættumati fyrir Neskaupstað. Hættumatið var auglýst og kynnt með opnu húsi og á almennum fundi í Neskaupstað þann 8. maí 2001 og lá síðan frammi til kynningar á skrifstofu Fjarðarbyggðar í Neskaupstað til 5. júní 2001, jafnframt því að vera aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum (4).

Með bréfi Fjarðarbyggðar 22. janúar 2004 var Skipulagsstofnun tilkynnt um framkvæmd við snjóflóðavarnir á Tröllagiljasvæði á Neskaupstað, en

framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum samkv. 2.viðauka *Laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000* (með seinni breytingum).

Matsskýrsla lá frammi til kynningar frá 4. febrúar til 17. mars 2004 á bæjarstjórnarskrifstofum Fjarðabyggðar, Bókasafninu Neskaupstað, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan var einnig aðgengileg á heimasíðu Hönnunar : www.honnun.is.

Vinna við frumhönnun snjóflóðavarna var kynnt bæjarstjórn og almannavarnarnefnd 11. Apríl 2003.

Haldinn verður opinn kynningarfundur á Norðfirði þar sem deiliskipulagstillagan og umhverfisskýrslan verður kynnt, á fundinum verður líka farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu, en gert er ráð fyrir að halda fundinn samhliða auglýsingu á deiliskipulagi.

2.2 Umsagnaraðilar

Vegna tilkynningar á matsskyldu framkvæmdar við snjóflóðavarnirnar leitaði Skipulagsstofnun álits eftirfarandi aðila og bárust umsagnir frá eftirfarandi:

Fjarðabyggð með bréfi dags. 10. mars 2004.

Byggðastofnun með bréfi dags. 25. febrúar 2004.

Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 23. febrúar 2004.

Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 8. febrúar 2004.

Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. mars 2004.

Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 12. mars 2004.

Ein athugasemd barst á kynningartíma frá:

Ara Daníel Árnasyni með bréfi dags. 15. mars 2004.

Niðurstaða allra umsagnaraðilanna var að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

3. UMHVERFISMAT

3.1 Umfang og áherslur umhverfismats

Umhverfismatið var umfangsmikið og tók til margra þátta, bæði til áhrifa á menn og samfélag, áhrifa á menningarminjar og áhifa á náttúruna eða gróður, dýr, jarðmyndanir og landslag.

3.2 Umhverfisáhrif

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:

1. Áhrif á snjóflóðahættu og hættumat
2. Áhrif á byggðapróun og samfélagslegt öryggi
3. Áhrif á landnotkun, skipulag og útivist
4. Áhrif af ónæði á framkvæmdatíma
5. Áhrif vegna aukningar loftmengunar á framkvæmdatíma
6. Sjónræn áhrif
7. Áhrif á menningarminjar

8. Náttúran : Áhrif á gróður
9. Náttúran : Áhrif á fugla
10. Náttúran : Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Fengu allir þessir þættir umfjöllun í umhverfismati og síðan umsögn í úrskurði Skipulagsstonunar þann 19. apríl 2004, og verða helstu niðurstöður úrskurðar kynntir stuttlega hér á eftir.

1. Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt nýlegu staðfestu hættumati fyrir Neskaupstað sé stærstur hluti bæjarins talinn vera á snjóflóðahættusvæði. Fram kemur í matsskýrslu að þeir þættir sem taldir séu verða fyrir umtalsverðum jákvæðum áhrifum af framkvæmdinni séu í fyrsta lagi minni ofanflóðahætta í byggð með því að skapa ásætlanlegt öryggi. Í öðru lagi samfélag, en framkvæmdin muni auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa gagnvart ofanflóðum. Að mati framkvæmdaraðila sé bygging varnarvirkjanna talinn besti og jafnframt raunhæfasti kosturinn til þess að ná ásætlanlegu öryggi í byggðinni á Tröllagiljasvæðinu. (5)
2. Í matsskýrslu kemur fram að Norðfjörður hafi átt undir högg að sækja á undanförunum árum líkt og stór hluti landsbyggðarinnar. Erfitt sé að segja til um áhrif varnarvirkjanna á íbúafjölda og búsetuþróun og ómögulegt að fullyrða um upplifun íbúa gagnvart framkvæmdum sem þessum. Til lengri tíma litið megi áætla að framkvæmdin hafi jákvæð áhrif á samfélagið og íbúaþróun á Norðfirði. (5)
3. Í matsskýrslu kemur fram að aðgengi útivistarfólks að framkvæmdasvæðinu muni breytast, því lagðir verði göngustígar um svæðið, og muni varnargarðarnir hafa áhrif á það hvaða leiðir verði hægt að fara um svæðið. Skógrækt sem sé innan framkvæmdasvæðisins muni hverfa ásamt berjalöndum og matjurtagörðum. Á heildina litið verði áhrif framkvæmdanna á landnotkun og landnýtingu nokkur. Svæðið verði gert aðlaðandi sem útivistarsvæði. Ekki séu fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir vegna landnýtingar og landnotkunar aðrar en þær að haga frágangi þannig að fólki sem eigi leið um svæðið stafi ekki hættu af varnarvirkjunum og að framkvæmdin falli sem best að umhverfinu. (5)
4. Í matsskýrslu kemur fram að vegna nálægðar framkvæmdasvæðisins við þéttbýlið verði ekki komist hjá því að einhver óþægindi hljóti í byggð af framkvæmdunum. Helst muni verða vart við aukinn hávaða á byggingartíma næst framkvæmdasvæðinu, þ.e. á Hlíðargötu og Urðarteigi. (5)
5. Í matsskýrslu kemur fram að á framkvæmdatíma verði aukning á loftmengun frá vinnuvélum. Búast megi við að á framkvæmdatíma og áður en uppgræðsla hefjist geti þurrir vindar valdið moldroki frá röskuðu landi á framkvæmdasvæðinu. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á hættu á moldroki frá framkvæmdasvæðinu. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi komið upp nein teljandi vandræði með rykmengun á Drangagilssvæðinu og ekki hafi þurft að fara í sérstakar áðgerðir til rykbindingar af hinu raskaða svæði. Eftíðarfar verði þannig að rykmengun verði vandamál þá muni framkvæmdaraðili bregðast við því. (5)
6. Í matsskýrslu kemur fram að þau sjónrænu áhrif sem hljóti af framkvæmdinni séu þau að ásýnd svæðisins muni breytast, varnarvirki verði áberandi og muni í sumum tilfellum breyta útsýni mikið, t.d. minnka útsýni úr byggð til fjalls. Sú stutta reynsla sem fengist hafi af snjóflóðavörnunum á Drangagi(5)lssvæðinu sýni m.a. að mannvirkin láti ekki mikið yfir sér séð neðan úr bænum.
7. Í matsskýrslu kemur fram að unnin hafi verið fornleifaskráning á áhrifasvæði fyrirhugaðra varnarmannvirkja. Nokkrar minjar eru á svæðinu en engar teljast

fornleifar samkvæmt þjóðminjalögum. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að í ljósi eðlis og aldurs þeirra mannvirkja sem skráð hafi verið á framkvæmdasvæðinu telji Fornleifavernd ríkisins ekki ástæðu til frekari aðgerða en þegar hafi verið gripið til þ.e. skráningar mannvirkjanna. (5)

8. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í matsskýrslu séu kynntar aðgerðir sem minnka muni áhrif á gróður, t.d. sé kynnt tilraunaverkefni sem miði að því að ná fram gróðursamfélagi sem líkast því sem hafi verið fyrir framkvæmdir. Umhverfisstofnun telji því ekki líkur á að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróðurfar. (5)
9. Innan framkvæmdasvæðisins muni varpland þeirra fugla sem þar séu spillast eða eyðast, en ekki sé um marga fugla að ræða og tegundirnar séu algengar.
10. Í matsskýrslu kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins séu engar sérstakar jarðmyndanir sem varðveita beri samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt kom fram í úrskurði Skipulagsstofnunar að sú röskun sem framkvæmdin hafi í för með sér komi til með að breyta landslagi fjallshlíðarinnar talsvert. (5)

3.3 Umhverfisviðmið

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Stefna	Umhverfisviðmið	Texti
Lög	Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum.	1. gr. Markmið. Markmið laga þessara er: a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar, b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar, c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara, d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.
	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 með seinni breytingum.	1. gr. Markmið laganna. Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Reglugerðir	Skipulagsreglugerð nr. 400/1998	4.18.2 Svæði undir náttúruvá í skipulagsáætlunum. Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir varnavirkjum þar sem þau eru fyrir eða fyrirhuguð og sérstökum skilyrðum um styrkingar og útfærslu mannvirkja. Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Jafnframt skal meta hættu á ofanflóðum á skipulögðum skíðasvæðum og í strjálbýli þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðum þar sem sérstök ástæða er til að ætla að ofanflóð geti fallið. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Þar sem fyrir liggja niðurstöður Veðurstofu Íslands um hættumat vegna ofanflóða skulu þær birtar sem fylgiskjal með skipulagsáætlun. Við deiliskipulagsgerð á svæðum undir náttúruvá skal þess gætt að staðsetja ekki byggingarreiti á svæðum þar sem vitað er að tjón hafi orðið af völdum snjóflóða eða þar sem líklegt má telja að snjóflóð geti fallið. Sama gildir um staði þar sem vitað er um að tjón hafi orðið af völdum skriðufalla, grjóthruns, flóða eða af völdum annarra náttúruhamfara. Sé um sprungusvæði eða hverasvæði að ræða, skal þess vandlega gætt að byggingarreitir séu ekki ofan á sprungum eða nálægt hverum.
	Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats – 505/2000	Gr. 15 mgr.3 Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.

Tafla 1 Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

3.4 Samanburður á kostum

Segja má að í stórum dráttum hafi verið um þrjá kosti að ræða : Bygging snjóflóðavarna, núllkostur og uppkaup eigna.

Þegar deiliskipulagið var unnið lá fyrir frumathugun vegna snjóflóðavarna á Neskaupstað. Í þeirri vinnu voru mismunandi kostir skoðaðir um frágang og byggingu sem leiddu til þeirrar hönnunar sem fyrir liggur. Skoðaðir hafi verið nokkrir möguleikar varðandi varnir fyrir þéttbýlið neðan Tröllagiljasvæðis sem ekki hafi verið taldir koma til greina. Eina raunhæfa lausnin með varnavirkjum sé þvergarður, keilur, leiðigarður og upptakastoðvirki og er hún valkostur framkvæmdaraðila. (6)

Núllkostur í þessu tilfelli er núverandi ástand sem er þeim annmarka háður að öryggi íbúa á Neskaupstað, neðan Tröllagiljasvæðis verður ekki tryggt.

Uppkaup húsa voru af framkvæmdaraðila ekki talin koma til greina vegna neikvæðra samfélagslegra áhrifa. (5)

3.6 Samantekt og niðurstaða

Litið er á svæðið sem hluta af heildarútivistarsvæði ofan byggðar í Neskaupstað. Leiðigarðurinn mun mynda einskonar hlið inn í bæinn og loka útivistarsvæðinu ofan byggðar til vesturs. Ásýnd leiðigarðs mun verða áberandi þegar komið er að bænum en þetta er einskonar endir og/eða upphaf á útivistarsvæðinu ofan byggðar í Neskaupstað. Þvergarðarnir, neðan Tröllagilja og Drangagils, mynda bakgrunn byggðarinnar og verða hluti af bæjarlandslaginu. Lögð er áhersla á að mynda góð göngutengsl milli byggðar og útivistarsvæðis með stígtengingum.

Með mótun garðanna, uppgræðslu, skógrækt og gerð útivistarsvæða er umhverfinu gefið nýtt gildi sem mótvægi við breytta ásýnd svæðisins. Skógrækt í hlíðinni mun styrkja svæðið sem útivistarsvæði jafnframt sem það mildar þau skil sem verða milli raskaðs lands og náttúrulegs gróðurs í hlíðinni. Göngustígur um svæðið munu bæta aðgengi almennings að hlíðinni og skapa nýja möguleika að útivist á svæðinu. Skoða þarf möguleika á að hafa aðalgöngustíg með bundu slitlagi og lýsingu, þannig að stígurinn nýtist sem best öllum aldurshópum til útivistar og lengja má notkun svæðisins með því að ryðja stíginn að vetri til eða leggja gönguskiðabraut í stígstæðið. Við áningastaði er t.d. mögulegt að koma upp trimaðstöðu fyrir skokkhópa, grilaðstöðu og fróleikskilu.

Framkvæmd af þessari stærðargráðu mun hafa mikil áhrif á íbúa sem búa næst framkvæmdarsvæðinu. Við framkvæmd verksis þarf því að leggja áherslu á að flýta uppgræðslu svæðisins eins og kostur er. Uppgræðsla af þessu tagi mun taka nokkur ár og því er mikilvægt að hefja framkvæmdir um leið og hægt er.

Æskilegt að draga úr bratta garðanna eins og mögulegt er þar sem því verður við komið og jarðvegsefni leyfa. Á svæðinu neðan þvergarðs, næst byggð, eru nokkrir eldri trjáreitir sem æskilegt er að halda í. Því er lagt til að garðfóturinn sé dreginn ofar við trjáreiti ofan Urðarteigs 12a og Hlíðargötu 26. Á þessum stöðum er varnargaðurinn brattari.

Við upphaf framkvæmda er mikilvægt að framkvæmdarsvæðið verði skilgreint vel og að afmörkuð verði svæði sem óheimilt verði að raska s.s. við núverandi gróðurlund ofan Urðarteigs. Lagt er til að holtagrjóti (yfirborðsgrjóti) verði safnað af framkvæmdasvæðinu og það nýtt við frágang við t.d. lækjarfarvegi og annan yfirborðsfrágang á einstökum stöðum.

Talsverðar breytingar verða á streymi yfirborðsvatns eftir að garðar og keilur verða byggð. Tjarnir á svæðinu mun hafa jákvæð áhrif á umhverfið, ekki er

talið að meiri hætta stafi af slíkum tjörnum en firðinum sjálfum. Vatnsmagn af vatnasviði hlíðarinnar ofan garða hefur ekki verið áætlað og því hefur stærð ræsanna ekki verið ákvörðuð. Ljóst er að framkvæmdaraðaili þarf að endurskoða farvegi og ræsi neðan garðs þar sem þeir renna í gengum byggðina til sjávar.

Góðir möguleikar eru á sérstæðu og skemmtilegu útivistarsvæði ofan byggðarinnar í Neskaupstað. Svæðið mun verða sérstætt á landsvísi þar sem hvergi eru áætluð svipuð mannvirki (þvergarðar) svo nálægt byggð. Mannbert útivistarsvæði í skjóli “tröllslegra” mannvirkja ætti sannarlega að verða aðdráttarafl fyrir Neskaupstað.

Gerð aðkomusvæðis við Strandgötu sem tengist upp í útivistarsvæði við varnagarða getur gefið bænum jákætt yfirbragð og myndar einskonar bæjarhlið þegar komið er inn í bæinn. Garðsvæðið mun verða aðdráttarafl sem mannvirki í tengslum við byggð og náttúru. Bygging garða og keilna á þessu svæði koma til með að breyta ásýnd byggðarinnar og mynda nýtt viðmið. Ljóst er að þeir verða alltaf sýnilegir frá byggðinni sökum nálægðar en með gróðursetningu er hægt að minnka að nokkru leiti stærðar áhrif garðanna, jafnframt sem gróðurinn skapar skjól og gefur möguleika á fjölbreyttu útivistarsvæði.

Áhrif deiliskipulagstillögu á umhverfi og samfélag:

Snjóflóðamannvirkin verða áberandi í umhverfi byggðarinnar. Við hönnun garðsins skal leggja áherslu að milda sjónræn áhrif eins og kostur er.

Með tilkomu snjóflóðavarnanna er verið að auka öryggi íbúa Neskaupstaðs gagnvart þeirri náttúruvá sem ofanflóð hafa í för með sér.

Það er því niðurstaða bæjarstjórnar Fjarðabyggðar að þrátt fyrir að finna megi neikvæð umhverfisáhrif vegna mannvirkjanna þá muni jákvæð öryggisáhrif þeirra vega þyngra.

4. HEIMILDIR

1. Hönnun 2003. *SNJÓFLÓÐAVARNIR Á NORÐFIRÐI TRÖLLAGILJASVÆÐI. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun.* Hönnun 9.ágúst 2003.
2. Hönnun 2004. *SNJÓFLÓÐAVARNIR Á NORÐFIRÐI TRÖLLAGILJASVÆÐI. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* 22. janúar 2004.
3. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf VST 2003. *Snjóflóðavarnir í Neskaupstað. Tröllagiljasvæði. Frumathugun.* Júní 2003.
4. Veðurstofa Íslands 2001. *Hættumatskort fyrir Neskaupstað.* Desember 2001.
5. Hættumatsnefnd Fjarðabyggðar 2001. *Mat á hættu vegna ofanflóða í Neskaupstað. Greinargerð með hættumatskort.* Desember 2001.
6. Skipulagsstofnun 2004. *SNJÓFLÓÐAVARNIR Á TRÖLLAGILJASVÆÐI Á NORÐFIRÐI, FJARÐABYGGÐ. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.* Reykjavík 19. apríl 2004.
7. Landmótun sf 2003. *SNJÓFLÓÐAVARNIR NESKAUPSTAÐ TRÖLLAGIL - MÓTVÆGISAÐGERÐIR - TILLAGA AÐ SKIPULAGI. Umhverfi snjóflóðavarna, ásamt útivistarsvæði milli varnargarða og byggðar.* 27. júní 2003.
8. Skipulagsstofnun 2007. *LEIÐBEININGAR UM UMHVERFISMAT ÁETLANA.* APRÍL 2007.